

Nd.

791. Tillaga

til þingsályktunar um atkvæðagreiðslu i bannmálinu og ríkiseinkasölu á áfengi.

Flutningsm.: Sigurður Stefánsson, Magnús Pjetursson og Pjetur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að láta fara fram atkvæðagreiðslu allra alþingiskjösenda um það, hvort nema skuli úr gildi áfengisbannlögin og setja í stað þeirra einkasölu ríkisins á öllu áfengi. Verði afl atkvæða með afnáminu eins mikið eða meira en það var 1908 með banninu, þá leggi stjórnin fyrir Alþingi frumvarp til laga um einkasölu á öllum áfengum drykkjum.

Atkvæðagreiðslan sje leynileg og fari fram á komandi vori.